

Það var komið nálægt páskunum. Og a hverju kvöldi, þegar hr. Sterling kom frá starfi sínu, fór hann að skoða liljurnar. Lilja Tuma var stærst og blómlegust, en hinrar voru fallegar. Daginn fyrir páská gekk frú Sterling að sól-glugganum, tók liljuna sína, lét hana vandlega í umbúðir, fleygði yfir sig sjalnu sínu og fór til Lóis frenku. Hún var ekki að heim-an nema litinn tíma, en þegar hún kom heim aftur, sagði Elín:

„Gerðu svo vel, mamma! og vefðu um liljuna mína. Eg ætla að fara með hana yfir til kirkjunnar. Börnin ætla að láta liljurnar sínar vera í sunnudagsskóla-salmnum. Á eftir verður farið með þær til hælisins fyrir munaðarlaus börn. Verður það ekki gaman, mamma?“

Ó, mamma!“—kallaði Tumi alt í einu—„eg hef gleymt — hún Ida Merry bað mig að fara til Jóa Warren. Hann fót-brotnaði, og Ida heldur, að honum leiðist. Móðir hans verður að yfirgefa hann part af tímanum, því hún þarf nú að vinna fyrir þeim báðum. Eg held eg fari undir eins.“

Og Tumi fór og var að heiman dálítinn tíma. Þegar hann kom heim aftur, sagði hann lítið. Gat þess að eins, að læknirinn segði að Jói væri á batavegi. Hann fór til liljunnar sinnar, stóð þar lengi og horfði á hana. Hvað var hann að hugsa um? Frú Sterling sagði ekki orð. Hún leit út fyrir að vera önnum kafin við að sauma litinn kjól handa Elínu. Þegar hún hætti að sauma stóð Tumi við hlídina á henni.

„Mamma, viltu vefja eins um liljuna mína eins og um þín? Eg ætla að fara með hana til Jóa Warren. Svo dögum skiftir hefur hann haft við rúmið hjá sér nokkrar „nellíkur“, sem Ida Merry sendi honum. Hann skal nú fá liljuna mína.“

„Er það alvara þín að gefa hana burt, sonur minn?“

„Já, nú ætla eg mér það. Flýttu þér, mamma! Mig lang-ar til þess að sjá, hvað vænt honum þykir um að fá hana.“

„Hún er falleg. Hún hefur skemt mér. Eg hélt aldrei eg myndi vilja gefa hana burt, en nú langar mig til þess. Jói misti stöðuna sína. Hann var lyftivélar-drengur. Og það tek-ur hann sárt. Parna, nú er hún til; — er ekki svo?“

Og frú Sterling horfði á eftir honum, þegar hann gekk of-an strætið.

Um leið og hr. Sterling kom heim um kvöldið, og inn í stofuna, sagði hann: „Nei! Hvar eru liljurnar? Hvar er liljan þín, góða?“

„Fyrir handan hjá Lóis. Henni voru sendar fimm aðrar í dag eftir hádegið. Hún var glöð. Og núna einmitt fyrir há-degið lét DeWitt setja inn í herbergið hennar telefón, sem